

**SAMPYKKT**  
**um breytingu á samþykkt um stjórn Bolungarvíkurkaupstaðar**  
**og fundarstjórn bæjarstjórnar nr. 583/1993 með síðari breytingum.**

## 1. gr.

1. og 2. mgr. 7. gr. samþykktarinnar verða svohljóðandi:

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáetlun bæjarsjóðs, bæjarfyrtækja og stofnana fyrir lok desembermánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn, sbr. 24. gr. samþykktar pessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáetlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

## 2. gr.

11. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnar skal senda samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu fjárhagsáetlun skv. 7. gr. og þriggja ára áætlun skv. 8. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 10. gr.

## 3. gr.

3. mgr. 12. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs, stofnana bæjarfélagsins og fyrirtækja eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

## 4. gr.

3. mgr. 15. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar bæjarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingu um bæjarstjórnarfundi. Þegar dagskrá bæjarstjórnarfundar hefur verið samin og send bæjarfulltrúum skal hún vera aðgengileg íbúum bæjarfélagsins, svo sem á heimasíðu bæjarfélagsins, auglýsingatöflu bæjarfélagsins, skrifstofu bæjarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti er bæjarstjórn ákveður.

## 5. gr.

2. mgr. 21. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir. Heimilt er að hljóðrita og útvarpa bæjarstjórnarfundum og skulu upptökur þeirra varðveittar á skrifstofu bæjarfélagsins. Um það skal bæjarstjórn setja nánari reglur.

## 6. gr.

1. mgr. 49. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 52. gr. samþykktarinnar:

- a) Heiti greinarinnar verður: Fundir bæjarráðs.
- b) 1. málslíður 1. mgr. fellur brott.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. samþykktarinnar:

- a) A. liður greinarinnar verður svohljóðandi:

**A. Til eins árs.**

Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð*. Bæjarstjórn kýs þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Að auki kýs bæjarstjórn ráðinu formann og varaformann. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Ákvæði 49. gr. samþykktar þessarar gilda um þá flokka eða framboðsaðila sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn en ekki fá kjörlinn bæjarráðsmann. Auk verkefna sem tilgreind eru í erindisbréfi bæjarráðs fer bæjarráð með verkefni kjaranefndar og starfskjaranefndar auk málefna atvinnumálaráðs en þau eru að greina leiðir til að efla atvinnulíf í Bolungarvík og auka samkeppnishæfni þess, stuðla að samstarfi fyrirtækja á svæðinu og nýta tengsl við hagsmunasamtök á svæðinu og hvetja fyrirtæki og einstaklinga í atvinnurekstri, t.d. með veitingu viðurkenninga árlega.

- b) Fyrstu 5 töluliðir B. liðar greinarinnar verða svohljóðandi:

**B. Til fjögurra ára.**

1. *Fræðslumála- og æskulýðsráð*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslumálaráð. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Fræðslumála- og æskulýðsráð er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess hið sama og bæjarstjórnar. Fræðslumála- og æskulýðsráð fer með málefni leikskóla skv. 9. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008, málefni grunnskóla skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, og málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Að auki fer ráðið með málefni íþróttá- og æskulýðsráðs skv. samþykktum um íþróttá- og æskulýðsráð Bolungarvíkur að undanskylđum vinnuskóla og umsjón með þrettándagleði.
2. *Menningar- og ferðamálaráð*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í menningaráð. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Menningar- og ferðamálaráð er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess hið sama og bæjarstjórnar. Menningar- og ferðamálaráð fer með málefni bókasafna skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 og annarra safna, svo sem listasafna, málefni sjóminjasafnsins Ósvarar og Náttúrugripasafns Bolungarvíkur. Menningar- og ferðamálaráð er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja samkvæmt þjóðminjalögum. Ráðið fer jafnframt með vinabæjarsamskipti. Auk verkefna sem menningar- og ferðamálaráð hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið því ýmis verkefni með erindisbréfum. Þá fer ráðið einnig með málefni ferðamála og umsjón með þrettándagleði.
3. *Velferðarráð*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í velferðarráð, sbr. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, og samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Velferðarráð er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess hið sama og bæjarstjórnar. Ráðið annast málefni barnaverndarnefndar og jafnréttisnefndar samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra laga. Auk verkefna sem velferðarráð hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið ráðinu ýmis verkefni með erindisbréfum. Formaður velferðarráðs er jafnframt í þjónustuhópi aldraðra í heilsugæsluumdæminu. Þá sinnir velferðarráð málefnum húsnæðisnefndar en hún starfar skv. lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál.
4. *Umhverfismálaráð*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfismálaráð. Bæjarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann. Umhverfismálaráð er kosið á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þess hið sama og bæjarstjórnar. Umhverfismálaráð fer með bygginga- og skipulagsmál skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Umhverfismálaráð sinnir lögbundnum verk-

Nr. 1097

15. desember 2009

efnum gróðurverndarnefndar samkvæmt lögum um afréttarmál, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, náttúruverndarnefndar samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 og umferðarnefndar skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá mun vinnuskólinn heyra undir ráðið. Ráðið skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra samkvæmt lögum þar um. Auk verkefna sem umhverfismálaráð hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið því ymis verkefni með erindisbréfum. Þá fer ráðið með málefni landbúnaðarnefndar en þar skal ráðið vera bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald, dýraeftirlit, refa- og minkaeyðingu, meindýraeyðingu, fjallskil og fjárgirðingar, sbr. ákvæði gildandi laga þar um.

5. *Hafnarstjórn.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarstjórn skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003 með síðari breytingum. Bæjarstjórn kýs hafnarstjórn formann og varafomann. Stjórnin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem hafnarstjórn hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ymis verkefni með erindisbréfum

- c) Númer þeirra töluliða sem aftar standa í B. lið breytast í samræmi við þetta.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 15. desember 2009.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2010